



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 24. ágúst 2022 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Árni Geir Eypórsson, Sigurbjörn Þórmundsson, Vigdís Matthíasdóttir, Þormóður Skorri Steingrímsson og Einar Gíslason.

1. Kröfur vegna Landsmóts

Framkvæmdastjóra var birt krafa vegna Landsmóts 2018 með ábyrgðarbréfi í júlí. Snýst krafan um vinnu við að hanna merki Landsmóts og er krafan að minnsta kosti 6 ára gömul. Frá því framkvæmdastjóri hóf störf 2019 hafa engar tilraunir verið gerðar við að innheimta kröfuna fyrr en nú. Þá vekur athygli að dagsetning reiknings er 11. Júlí 2022.

Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við viðkomandi og reyna að leysa málin með kröfuna.

2. Félagsheimili – Viðhald og endurnýjun stóla

Stólarnir í félagsheimili Fáks eru úr sérgengnir. Þeim fækkar við hverja veislu. Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir tilboði í 200 nýja veislustóla og kosta þeir um 2,1 milljón.

Stjórn samþykkir kaup á nýjum stólum með fyrirvara um samþykki gjaldkera.

Þá er á viðhaldslista að mála loft og þaksperrur í veislusal. Verður það kynnt betur á næsta fundi.

3. Almennadalur – Fjárveiting í nýframkvæmdir og viðhald

Búið er að setja saman verkefnalista og óska eftir að hitta borgarstarfsmenn sem hafa með fjárveitinguna að segja.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að kanna hvort nýta megi hluta fjárveitingar í Almennadal til að undirbúa reiðhallarlóð fyrir framkvæmdir við reiðhöll. Óskað verður eftir fundi með forsvarsmönnum borgarinnar.

4. Landsþing LH í Víðidal

Landsþing LH verður haldið í Víðidal 4.-5. nóvember næstkomandi. Óskað verður eftir frekari upplýsingum frá LH um hvert hlutverk Fáks er sem viðburðarhaldara.

Framkvæmdastjóri óskar eftir að ráða verktaka sem myndi aðstoða við framkvæmd viðburðarins.

5. Réttarball í Víðidal

Óskað hefur verið eftir samvinnu um að halda ball í reiðhöllinni 24. september næstkomandi. Framkvæmdastjóra er falið að vinna viðburðinn áfram.

6. Félagshesthús – Kaup á heyi

Framkvæmdastjóri hefur verið boðið að kaupa rúllur fyrir félagshesthúsið.

Stjórn gefur framkvæmdastjóra heimild til að kaupa hey í félagshesthúsið.



7. Erindi til stjórnna

Erindi hefur borist til stjórnar Bjarna Jónssyni, sjá viðhengivið fundargerð.

Það er afstaða stjórnar að byggingarlóðir eru ekki leyfilegir til beitar. Skrifuð verða bréf til eigenda girðinga á byggingarlóðum og þeim gefinn vikufrestur til að fjarlægja girðingar, að öðrum kosti verða þær teknar upp á kostnað eigenda.

Varðandi afnota af borgarlandi þá var það niðurstaða borgarinnar í vor að gefa mönnum færi á að sækja um afnotarétt af borgarlandi fyrir beit. Stjórn er ekki kunnugt um hvernig þau mál fóru.

Seinni hluta erindisins hefur stjórn engar upplýsingar um og tekur því ekki afstöðu til þess að sinni.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Einar Gíslason




Viðhengi 1

Girðingar og gámar Almannaadal



kinni <kinni@simnet.is>
Til einar@fakur.is
Afrit kinni@simnet.is

 Þessu skeyti hefur verið svarað eða það framsent.



Svara

Svara öllum

Framsenda



Þri. 23.8.2022 11:25

Sæll Einar

ERINDI FYRIR STJÓRNARFUND

Samkvæmt úthlutunar skilmálum og deiliskipulagi er óheimilt að girða svæði onnur en loftnargerði við byggð hús. Einnig er óheimilt að vera með geymslugáma inn á sameiginlegum lóðum. Þá er einnig óheimilt að gera að nota sameiginleg bilastæði sem einka afnot.

Viggó, Guðbrandur stígur svo og núverandi og fyrrverandi stjórnarmenn í Almannaadalshélaginu auk fleiri aðila eru að brjóta þesai ákvæði og gera grín að auglýsingu Fáks frá því í vor.

Þrátt fyrir ítrekuð samtöl við Hjört er staðan óbreytt.

Þetta er allt innan félagssvæðið Fáks og því hefur Fákur fulla lagaheimild til aðgerða.

Hver er afstaða stjórnar Fáks.?

Hvað og hvenær ætla stjórn Fáks að fylgja málinu eftir ?

Hvaða tímamörk setur stjórnin sér ?

Óska eftir skíru og skriflegu svari nú eftir næsta stjórnarfund

Einnig sé ég að það er verið að reisa skilti fremst í dalunum sem er gott mál.

Umrædd undirstaða kom ég fyrir á sínum tíma og keypti hana sjálfur og koataði niðurstetningu. Fákur vildi ekki taka þátt í þeim kostnaði. Einnig var ég búinn að kaup jarðstreng til að fara með í tengingu rétt hjá.

Ég óska eftir hver gaf leyfi fyrir að nota hana ?

Hvað á að gera í þessu máli. ?

Ég var búin að íhuga að fjarlægja hana til að nota hana annarstaðar þar sem enginn áhugi var á að nýta hana af hálfu Fáks

Með kveðju

Bjarni Jónsson

Sent úr Galaxy